

b.t. hlutaðeigandi aðila

Efni: Sundlaug Fáskrúðsfjarðar

Spurst hefur út sá orðrómur að til standi að loka sundlauginni hér á Fáskrúðsfirði varanlega. Kostnaður hlaupi á tugum milljóna við endurbætur á lauginni sem hefur ekki fengið neina endurnýjun að ráði síðan í kringum 1990. Margt er vissulega orðið þreytt en allt er þetta vel nothæft enn þá þegar búið er að endurbæta flísarnar sem eru að hrynja af veggjunum og ofan í laugina. Þetta er dásamleg sundlaug með mikla sögu og elsta og eina innilaugin í Fjarðabyggð og var tekin í notkun 1948.

Vissulega er kostnaður við að reka þessa sundlaug eins og aðrar, því miðað við gefnar forsendur ætti sundlaugin á Eskifirði að vera eina sundlaugin í Fjarðabyggð sem hagkvæmt er að reka vegna heita vatnsins sem þar er. Hér í sundlauginni á Fáskrúðsfirði hefur kostnaður eingöngu miðast við rekstrarkostnað en ekki kostnað við uppbyggingu af völdum gjafa fyrirtækja sem hafa svo fallið á sveitarfélagið við að setja upp sem hefur jafnvel farið langt fram úr áætluðum kostnaðartölum.

Laugin hér er mikið nýtt þrátt fyrir að hagnaður sé ekki af rekstri laugarinnar og verður það líklega ekki af neinni sundlaug hér í Fjarðabyggð.

Hér er vel sótt sundleikfimi fyrir eldri borgara sem hingað koma af öllum Suðurfjörðunum og Reyðarfirði og starfsmaður sundlaugarinn er í sjálfböðavinnu á þeim tíma.

Hér eru 100 börn í skólasundi í hverri viku yfir skólaárið og mörg þeirra sækja sund umfram það einnig og mikið sport þegar þau hafa aldur til að fara ein í sund sem er frábært og eflir sjálfstæði, sjálfstraust sem og hreyfifærni, styrk og þol.

Hér er sundleikfimi í vatni þrjá daga í viku sem er alltaf vinsæl og vel sótt af öllu Austurlandi, bæði úr Fjarðabyggð og oft hafa konur ofan af Héraði komin í leikfimina. Þetta er oft eina hreyfingin sem einstaklingar með ákveðna stoðkerfissjúkdóma geta nýtt sér því hreyfing í vatni er auðveldari og mýkri fyrir vöðva og liði. Þetta hefur hjálpað mörgum í endurhæfingu eftir stoðkerfisaðgerðir að geta hreyft sig í vatninu því hér er laugin heitari en venjuleg laug og innandyra og því ekki vindkæling eða kuldi við að koma sér í og úr lauginni.

Hér hafa verið haldin fjölmörg námskeið í ungbarnasundi og eina laugin sem hefur boðið upp á það og til stendur að það hefjist jafnvel aftur á vormánuðum. Ungbarnasund gengur ekki upp í útisundlaug og hefur laugin hér á Fáskrúðsfirði verið rómuð fyrir hvað hún er dásamleg fyrir ungbarnasundið.

Hér eru sundæfingar og eru 22 börn að æfa sund núna. Þetta er eina íþróttin sem sum þessara barna stunda. Þetta er eina einstaklingsíþróttin sem er í boði hér og það hafa ekki öll börn áhuga á boltaíþróttum. Einnig eru einhver þessara barna sem æfa sund með greiningar sem gerir þeim erfitt að stunda hópíþróttir og er þetta gríðarlega valdeflandi fyrir þau börn að geta æft íþrótt sem þau geta blómstrað í eigin forsendum og eflir sjálfstraust þeirra og trú á eigin getu sem hjálpar þeim að takast á við þau daglegu verkefni og árekstra sem lífið kallar á.

Það er sérstakt ef satt er að allt það sem búið er að telja upp hér fyrir ofan megi ekki telja með í aðsóknartölur sundlaugarinnar. Þegar þetta er allt talið með erum við að tala um að aðsóknin sé um 170 manns á viku þegar laugin er opin. Það teljum við góða nýtingu miðað við höfðatölu íbúa á staðnum. Hér borga eldri borgarar ekki í sund, ekki börn í Fjarðabyggð á grunnskólaaldri og er það frábært því Fjarðabyggð gefur sig út fyrir að vera Heilsueflandi sveitarfélag. Því fylgir markvisst lýðheilsustarf og er meginmarkmiðið að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilsusamlegum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra.

Ef sundlaugin lokar hér á Fáskrúðsfirði þá er sumt af þessu eldra fólki sem sækir vatnsleikfimina á morgnanna ekki að stunda neina aðra hreyfingu því margir geta það ekki. Það kallar á minnkuð félagsleg samskipti og minnkaða færni sem og aukin stoðkerfisvandamál sem fylgja hreyfingarleysi. Það er enginn önnur sundlaug sem þetta fólk getur sótt því það er svo kalt í útilaugunum.

Þetta yrði gríðarlegur missir fyrir marga öryrkja og einstaklinga með skerta getu og fyrir suma er leikfimin í heitu vatninu í lauginni hér eina ástæðan fyrir því að einhverjir geta enn haldið áfram í vinnu. Við erum kannski ekki að tala um marga einstaklinga en gríðarlega lífsgæðaskerðingu fyrir þessa einstaklinga. Þetta er einnig gríðarlega mikilvægt fyrir öryrkjana sem virkni og að rjúfa félagslega einangrun.

Ef við viljum setja þetta í stærra samhengi og skoða Lýðheilsuvísa sem gefnir hafa verið út fyrir árið 2023 þá erum við hér á Austurlandi marktækt að nota meira af þunglyndislyfjum, yfir 30% fullorðinn hreyfa sig lítið, 46,2% fullorðinna meta sig með sæmilega/lélega heilsu og fleiri atriði sem við skerum okkur ekki marktækt úr miðað við aðra landshluta en heilt yfir landið eru samt þættir sem þarf að bæta hjá okkur líkt og víðar er varðar hreyfingu, andlega og líkamlega heilsu og afleidd vandamál því tengdu.

Við teljum að sundlaugin hér hafi góða nýtingu miðað við höfðatölu íbúa og hér er hópur sem á undir högg að sækja varðandi aðgengi að hreyfingu og yrði mikil lífsgæðaskerðing fyrir þetta fólk. Við skorum á ykkur að endurskoða þessar hugmyndir og taka samtalið. Ef á að skerða þjónustu og opnunartíma á sundlaugum í Fjarðabyggð væri þá hagkvæmast að halda sundlauginni á Eskifirði opinni og lauginni hér með þeim litla opnunartíma sem hér er og að þessir hópar sem má ekki telja með í aðsóknartölum geti áfram stundað hér heilsueflingu. Þá erum sveitarfélagið með 2 sundlaugar opnar og eru þær miðsvæðis fyrir annarsvegar norðurhluta og hins vegar suðurhluta sveitarfélagsins og með þá þessa ólíku eiginleika, útilaug og innilaug.

Hlökkum til samtals og samvinnu við að finna út úr þessu máli,

Stjórn íbúasamtakanna á Fáskrúðsfirði.